

Úthlutunarreglur Menningarráðs Vesturlands

vegna framlags mennta- og menningarmálaráðuneytisins til stofn- og rekstrarstyrkja til menningarmála á árunum 2012 og 2013.

(Stofn- og rekstrarstyrkir sem Alþingi veitti áður)

Tilgangur styrkjanna er að efla starfsemi á sviði lista, safna og menningararfs. Styrkir þessir skulu auglýstir sérstaklega. Að þessu sinni miðast styrkveiting við árið 2012.

Menningarráð Vesturlands úthlutar styrkjum til menningarstarfsemi á svæðinu samkvæmt úthlutunarreglum sem það setur og birtir varðandi þetta sérstaka framlag, auk þess að hafa eftirlit með framkvæmd þeirrar starfsemi sem það styrkir.

1. Umsækjendur geta verið, félag, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög á svæðinu.
2. Umsækjendur verða að geta sýnt fram á fleiri fjárhagslega bakhjarla en menningarráð Vesturlands. Styrkir ráðsins geta aldrei numið hærri fjárhæð en helmingi alls kostnaðar.
3. Menningarráð hefur ákveðið að þeir aðilar hafi forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:
 - Stuðla að því að efla menningarstarfsemi á sviði lista, safna- og menningararfs.
 - Stuðla að nýsköpun í menningarstarfsemi.
 - Stuðla að og styðja við starfsemi sem fjölgar atvinnutækifærum á svæðinu.
 - Menningarráð geta sett sérstök ákvæði sem henta hverju svæði – t.d. eins og að styðja fyrst og fremst verkefni sem fyrir eru, staðsetning verkefna getur haft áhrif o.fl.
4. Umsóknin skal vera á eyðublöðum frá menningarráðinu. Með umsókninni verður að fylgja greinargóð lýsing á starfsemi umsækjanda með verkáætlun og tímasetningum, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun), ársreikningur og upplýsingar um eignarhald og rekstrarform.
5. Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir þeirri starfsemi sem styrkumsóknin nær til.
6. Menningarráð Vesturlands og styrkþegi gera með sér sérstakan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslu, skil á skýrslum og eftirfylgni. Að öðru leyti ber styrkþega að veita menningarráði upplýsingar um framkvæmd starfseminnar þegar og ef eftir því er leitað og eins getur menningarráð óskað eftir bókhaldsgögnum.
7. Heimilt er að greiða hluta styrks við undirritun samnings eða við framlagningu framvinduskýrslu (áfangaskýrslu) en lokagreiðsla fer fram þegar lokaskýrsla hefur borist og hún samþykkt. Nánar skal greina á um fyrirkomulag greiðslu í samningi.
8. Menningarráð lítur síður til þeirra þátta í starfsemi viðkomandi aðila sem falla undir aðra sjóði.

Staður og dagsetning 24.febrúar 2010

Menningarráð Vesturlands